



## Fundur í byggðaráði

**53. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 7. apríl 2022. Fundur var settur kl. 12:00.**

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð og Jónas Egilsson sveitarstjóri.

Magnús Jónsson endurskoðandi sveitafélagsins var í fjarfundarsambandi undir lið 1.

Formaður setti fund og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki og var því gengið til dagskrár.

### Fundargerð

#### 1) Ársreikningar 2021

Lögð fram drög að ársreikningi fyrir árið 2021 ásamt samantekt rekstrar deilda. Greinargerð vegna Nausts. Magnús Jónsson endurskoðandi sveitarfélagsins fór yfir drög að ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2021.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð samþykkir, við afgreiðslu á ársreikningi Langanesbyggðar fyrir árið 2021, að veita framlag til Nausts úr aðalsjóði sem nemur hlutdeild sveitarfélagsins í hallarekstri hjúkrunarheimilisins á árinu. Ársreikningi 2021 vísað til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

#### 2) Rekstraryfirlit fyrir A og B hluta fyrir janúar og febrúar 2022

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir janúar og febrúar 2022.

#### 3) Undirbúningur sameiningar

Gert er ráð fyrir að nýtt sveitarfélag taki formlega til starfa 1. júní nk. á verði lokið við að samræma ársreikninga og áætlanir þeirra sem ný sveitarstjórn þarf að taka fyrir og afgreiða.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð felur endurskoðendum sveitarfélagsins að hefja undirbúning sameiningu ársreikninga og fjárhagsáætlana Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps fyrir árið 2022. Einnig er farið fram á að tekið verði saman yfirlit lána Langanesbyggðar með hliðsjón af því hvað er hægt og heppilegt að greiða með framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þá verði sveitarstjóra falið að undirbúa framkvæmda- og fjárfestingaráætlun fyrir Jöfnunarsjóð vegna framlaga vegna sameiningar sveitarfélaganna.

Samþykkt samhljóða.

#### 4) Umsókn um framlag vegna uppbyggingar atvinnu- og Nýsköpunarseturs

Bréf frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna umsóknar um framlag vegna uppbyggingar atvinnu- og nýsköpunarseturs á Þórshöfn.



*Bókun um afgreiðslu:* Sveitarstjóra falið að gera tillögur, í samráði við SSNE, að verkefnum ráðgjafa við sköpun nýrra atvinnutækifæra í sveitarfélaginu, sbr. bréf sveitarstjóra til Jöfnunarsjóðs, dags. 2. febrúar 2022.

Samþykkt samhljóða.

5) **Fyrirhugaðar framkvæmdir 2022**

Lagðir fram minnisþingar vegna framkvæmda við malbikun frá forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar dags. 31.03.2022, minnisblað um frárennslisáætlun 2022 – 2030 frá skipulags- og umhverfisnefnd og minnisblað frá Faglausn um verklegar framkvæmdir 2022 og 2023 í framhaldi af útboðsferli sem lauk 31.03.2022 ásamt tímalínu framkvæmda.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð vísar framkvæmdaáætlun til afgreiðslu í sveitarstjórn. Enn fremur er sveitarstjóra falið að hefja undirbúning að sköpun aðstöðu vegna framkvæmda við Ver í sumar.

Samþykkt samhljóða.

6) **Fundargerð framhaldsstofnfundar Brákar hses, dags. 4. mars 2022**

Fundargerðin lögð fram.

7) **Styrktarsjóður EBÍ, erindi dags. 24. mars 2022**

Bréf frá EBÍ um umsóknir í sjóð félagsins fyrir árið 2022 lagt fram.

8) **Átak um hringrásarhagkerfið, erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2022**

Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um „Átak um Hringrásarhagkerfið“ lagt fram.

9) **Fundargerð stjórnar FFPD, dags. 21. mars 2022 og erindi um framlengingu samnings um einkaafnot af landi, erindi frá FFPD, dags. 24. mars. 2022**

Lög fram fundargerð stjórnar FFPD, bréf FFPD um framlengingu samnings til 2060 og minnisþingar Bonafide lögmanna dags. 5. apríl 2022.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð samþykkir að fresta afgreiðslu málsins, þar sem ekki er hægt að verða við beiðni um framlengingu á þeim réttindum sem óskað er eftir í bréfi FFPD. Ljóst að aðilar samkomulagsins þurfa að sammælast um það hvers eðlis þau réttindi eru sem verið er að óska eftir framlengingu á og hvernig skuli unnið með þau. Enn fremur verður að ganga úr skugga um að þau réttindi sem um ræðir séu framseljanleg í þeim skilningi að mögulegt sé fyrir aðila að efna þær skuldbindingar og nýta þau réttindi sem kveðið er á um og að þau hafi raunverulegt efnislegt innihald.

Samþykkt samhljóða.

10) **Samningar vegna rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila, framlenging og samkomulag um sameiginleg málefni**

Lagt fram samkomulag um um framlengingu á samningi á milli Sjúkratrygginga Íslands og Langanesbyggðar um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Langanesvegi 3a, Þórshöfn dags. 27. desember 2019, sbr. síðari breytingar.



## 11) Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnarmálaflokka, bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. mars 2022

Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um viðmiðunarreglur varðandi framlög til stjórnarmálaflokka.

## 12) Uppsögn skrifstofustjóra

Lagt fram bréf Björns. S. Lárussonar um uppsögn á starfi sem skrifstofustjóri Langanesbyggðar og lætur hann af störfum 30. júní nk.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að auglýsa starfið laust til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 24. apríl.

Samþykkt samhljóða.

## 13) Innkaupareglur, uppfærsla verðlags

Tölvupóstur frá fyrirtækinu Concensa um hækkun á viðmiðunarfjárhæðum við opinber innkaup.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð vísar málinu til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.